

Fimmtudaginn 15. júní 1995.

Nr. 42/1993.

Birgir Guðjónsson

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

Samherja hf.

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Skipakaup. Samningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1993 að fengnu áfrýjunarleyfi 5. sama mánaðar samkvæmt heimild í þágildandi 2. mgr. 153. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 4.340.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 20. desember 1990 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gegn andmælum stefnda hefur áfrýjanda ekki tekist að sanna, að samkomulag það, sem gert var milli Sæfinns hf. og stefnda 30. ágúst 1989, hafi verið víðtækara en orðalag þess benti til. Ber því með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann um annað en málskostnað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 500.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Birgir Guðjónsson, greiði stefnda, Samherja hf., 500.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1992.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 25. mars sl., hefur Birgir Guðjónsson, kt. 270740-2869, Hrísholti 9, Garðabæ, höfðað með stefnu, þingfestri 5. nóvember 1991, á hendur Þorsteini Vilhelmssyni, kt. 030552-3509, Kotárgerði 17, Akureyri, stjórnarformanni Samherja hf., kt. 671272-2859, Glerárgötu 30, Akureyri, fyrir hönd félagsins til greiðslu skuldar, að fjárhæð 4.340.000 kr., með [dráttarvöxtum svo og málskostnaði].

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans [...].

II.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld upphaflega hafa verið skuld Sæfinns hf. við Eimskipafélag Íslands hf., en stefnandi hafi leyst hana til sín sem ábyrgðarmaður.

Stefnandi reisir kröfu sína á því, að 30. ágúst 1989 hafi stefndi, Samherji hf., keypt togarann Arinbjörn, RE-34, af hlutafélaginu Sæfinni hf. í Reykjavík. Kaupverðið samkvæmt afsalinu hafi verið 300.903.735 kr., og hafi það verið greitt með yfirtöku á skuldum. Þá hafi verið gert samkomulag, dagsett sama dag, þar sem meðal annars sé það loforð gefið af hálfu Samherja hf., að hluthafar í Sæfinni hf. verði leystir úr persónulegum ábyrgðum við Landsbanka Íslands vegna Sæfinns hf. Hinn 1. febrúar 1990 hafi verið undirrituð yfirlýsing af Ólafi G. Sigurðssyni, löggiltum endurskoðanda, Sigurði G. Guðjónssyni hrl. og hluthöfum í Sæfinni hf., þ. e. stefnanda, Birgi Guðjónssyni, Magnúsi Gestssyni, Sesselju Gunnarsdóttur og Guðmundi Heiðari Guðjónssyni um, að forsendur sölnunnar hafi verið þær, að hluthafar Sæfinns hf. yrðu leystir undan persónulegum ábyrgðum, er þeir voru í vegna skulda Sæfinns hf., bæði við Landsbanka Íslands hf. og aðra kröfuhafa.

Stefnandi kveður forsendur fyrir sölu á togaranum hafa verið þær, að hann og aðrir hluthafar Sæfinns hf. yrðu leystir undan persónulegum ábyrgðum. Sæfinnur hf. hafi verið skuldum vafinn, og hafi það hlutafélag verið gert gjaldþrota. Hafi því raunveruleg ástæða þess, að skipið var selt, verið sú að losa hluthafa úr persónulegum ábyrgðum.

Um lagarök vísar stefnandi til samningalaga, en um vaxtakröfu til laga nr. 25/1987.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að talsmenn stefnda hafi ekki fallist á að taka á sig aðrar skuldir en þær, er greini í kaupsamningi og samningsviðauka. Samið hafi verið um að taka við skuldum við Landsbankann, er hvíldu með veðum á húseignum þeirra. Þessar skuldir hafi verið sýndar á uppgjöri, er fyrir lá. Enn fremur hafi verið fallist á að taka við víxilskuldum við Landsbanka, sem þá hafi ekki verið vitað, hverjar endanlega væru. Af

þeim sökum hafi verið gengið frá samningsviðaukanum með því orðalagi, sem hann ber. Hafi fulltrúar kaupanda verið fullvissaðir um það af Sigurði G. Guðjónssyni hrl., sem annast hafi skjalagerð, að orðalagið næði ekki til annarra skulda en þeirra, sem samið hefði verið um að yfirtaka, þ. e. veðskuldanna og víxlanna. Sú skuld, sem krafa sé gerð um greiðslu á í máli þessu, hafi verið skýrt greind í uppgjöri því, sem fyrir lá við samningsgerðina. Ef ætlunin hefði verið, að kaupendur tækju á sig þessa skuld, og kaupverðið hækkaði sem henni næmi, hefði orðið að færa hana inn á kaupsamninginn eða samningsviðaukann eins og aðrar yfirteknar skuldir. Sú rúma túlkun 2. gr. samkomulagsins í samningsviðaukanum, er virðist koma fram hjá stefnanda og styðst við yfirlýsingu hluthafa og starfsmanna félagsins, þ. e. lögmanns og endurskoðanda, fái ekki staðist gegn mótmælum kaupanda. Ákvæðið sé skýrt og beri að gagnálykta frá því.

Um lagarök vísar stefndi til samningalaga nr. 7/1936. Kröfu um vexti og vaxtavexti styður stefndi lögum nr. 25 frá 1987. Kröfu um málskostnað reisir stefndi á 177. gr. I. nr. 85/1936, sbr. I. nr. 54/1988.

III.

Kröfur sínar í máli þessu miðar stefnandi, Birgir Guðjónsson, við það, að við sölu skuttogarans Arinbjarnar, RE-54, til Samherja hf. hafi kaupandi tekið að sér að greiða allar þær skuldir seljanda, Sæfinns hf., sem hluthafar Sæfinns voru í persónulegum ábyrgðum fyrir.

Um var að ræða sölu á skipi og mikla fjárhagslega hagsmuni henni tengda, enda naut seljandi aðstoðar endurskoðanda og lögmanns við samningsgerðina.

Við söluna var gerður kaupsamningur, nefndur afsal, dagsettur 30. ágúst 1989, og samningsviðauki, dagsettur sama dag, sem lagðir hafa verið fram sem dómskjöl nr. 3 og 4. Í samningum þessum er skýrt kveðið á um kaupverð skipsins og hvernig það skuli greitt. Samkvæmt fram lögðu afsali var kaupverð skipsins greitt með yfirtöku á þar tilgreindum skuldum. Í samkomulagi, gerðu í tengslum við söluna sama dag, lofar kaupandi, að hluthafar í Sæfinni hf. verði leystir úr persónulegum ábyrgðum við Landsbanka Íslands vegna Sæfinns hf. Um aðrar ábyrgðir er ekki getið í samningsviðaukanum, og í samningnum sjálfum er ekkert kveðið á um skyldu kaupanda til að aflétta ábyrgðum af hluthöfum í Sæfinni hf.

Stefnandi heldur því fram í málinu, að forsendur sölunnar hafi verið þær að losa hluthafana undan persónulegum ábyrgðum. Til að sanna þá fullyrðingu sína hefur stefnandi lagt fram yfirlýsingu, dagsetta 1. febrúar 1990, undirritaða af hluthöfum í Sæfinni hf., seljanda, endurskoðanda hlutafélagsins Sæfinns hf. og lögmanni þeim, er aðstoðaði seljanda við söluna og ann-

aðist skjalagerð. Yfirlýsingin er gefin út löngu eftir samningsgerðina og hefur ekki sönnunargildi.

Fyrir dóminn hafa komið og gefið skýrslu þeir aðilar, er viðstaddir voru samningsgerðina, auk þess Þorsteinn Már Baldvinsson, framkvæmdastjóri Samherja hf., Ævar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Seifs hf., og Kristinn Hallgrímsson hdl.

Framburður þessara aðila hefur ekki leitt í ljós, að munnlegt samkomulag hafi tekist um það með aðilum, að stefndi tæki að sér greiðslu annarra skulda en þeirra, er tilgreindar eru í fram lögðum samningum. Það er enn fremur ljóst, að ef ætlunin hefði verið að semja um annað en skýr ákvæði afsals og samningsviðauka bera með sér, hefði seljanda verið í löfa lagið að hlutast til um skýrara orðalag samningsins.

Pegar allt er virt, verður ekki talið, að stefnanda hafi tekist að sanna gegn andmælum stefnda, að stefndi hafi lofað greiðslu á umstefndri skuld.

Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda 500.000 kr. í málskostnað. Málskostnaður ákveðst án virðisaukaskatts, þar sem stefndi hefur enga grein gert fyrir virðisaukaskattsskyldu sinni í máli þessu.

Dóm þennan kvað upp Hervör Þorvaldsdóttir, settur borgardómari.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Samherji hf., Glerárgötu 30, Akureyri, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Birgis Guðjónssonar, Hrísholti 9, Garðabæ.

Stefnandi, Birgir Guðjónsson, greiði stefnda, Samherja hf., 500.000 kr. í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi frá uppsögu dóms þessa til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.